

# Breyting

155  
8. sept.

## á erindisbrjefi fyrir umsjónarmenn með útflutningi hrossa frá 22. des. 1908.

6. gr. í erindisbrjefi fyrir umsjónarmenn með útflutningi hrossa frá 22. desember 1908 skal vera svohljóðandi:

Fyrir starfa sinn fá umsjónarmenn þóknun úr ríkissjóði, sem veitt er á fjárlögnum en fyrst um sinn er ákveðin 25 aurar fyrir hvert hross, sem þeir meta til útflutnings, hvort sem það er flutt út eða kyrsett.

Umsjónarmönnum er stranglega bannað að taka á móti nokkurri þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá eigendum eða útflytjendum hrossanna, frá skipstjórum eða öðrum, sem við skip það eru riðnir, sem þau eru flutt út á.

**Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins 8. septbr. 1919**

**Sigurður Jónsson.**

*Oddur Hermannsson.*

# Reglugjörð

156  
10. sept.

## fyrir Suður-Múlasýslu um refaveiðar, notkun afrétts, fjallskil m. fl

I. Um hreinsun afrjetta og heimalanda frá dýrbiti.

1. gr.

Allir búendur, sem sauðfje eiga, eru skyldir til ár hvert að gjöra tvær grenjaleitir í afrjettum og heimalöndum á tímabilinu frá 5—8 vikur af sumri. Skal hreppsnefndin ákveða leitardaga hvert sinn, nokkrum dögum fyrirfram með seðli, og hverjir búendur skuli leggja menn til leitar á afrjettir og ákveða leitarsvæði. Skal engu ráða nm þessa kvöð, hverjir afrjettinn nota, þó þannig, að þetta á ekki við þar, sem tvær eða fleiri afrjettir tilheyra sömu sveit (hrepp), því þar, sem svo stendur á, skal hreppsnefnd helst láta hvern leita í þeirri afrjett, sem hann notar. Rjett er hreppsnefnd að kveðja tvo menn til leitar frá þeim, sem flest fje eiga og liðflestir eru. Enda er henni rjett að veita nokkrum bágstöddum einyrkjum undanþágu frá sumum grenjaleitum í afrjett. Leitir í heimalöndum skal hún ákveða jafnframt. Þar má hún undantaka þau heimalönd. sem svo eru lítil, að heita má að daglega sje um gengið, enda sjeu þar eigi grenjastöðvar og landið nái eigi til fjalls.

Refaleitardaga skal ákveða aðra í heimalöndum og aðra í afrjettum, nema hvorttveggja verði hæglega leitað sama dag. Nú hlýðir búandi ekki fyrir mælum hreppsnefndar að leggja